

Viðbrögð Blönduósbæjar við Covid-19 veirunni og samkomubanni 16.mars – 13. apríl.

Skjal þetta mun verða lifandi plagg með helstu upplýsingum um aðgerðir sem teknar hafa verið.

Allir íbúar eru hvattir til að leita almennra upplýsinga um faraldurinn og viðbrögð við honum inni

á www.covid.is – þar er að finna allar nauðsynlegar upplýsingar sem gilda næstu fjórar vikurnar.

Mælst er til að þeir sem þurfa á þjónustu deilda/stofnanna Blönduósbæjar að halda, hafi samband

símleiðis, eða með tölvupósti, **og koma ekki nema brýn nauðsyn er á meðað þetta ástand varir.**

Helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið hjá sveitarfélaginu nú þegar eru eftirfarandi:

- **Leikskólinn Barnabær:** Starfræktur frá 17. mars með breyttu sniði. Skólastjórnendur munu kynna foreldrum breytingar eftir starfsdag í dag. Skólinn er lokaður fyrir heimsóknum. Breytingar geta orðið með stuttum fyrirvara, þær munu verða tilkynntar til foreldra ef þær verða. *Fylgist með tilkynningum og breytingum á heimasíðu skólans.*
- **Blönduskóli:** Starfræktur frá 17. mars með breyttu sniði. Skólastjórnendur munu kynna foreldrum breytingar eftir starfsdag í dag. Skólinn er lokaður fyrir heimsóknum. Breytingar geta orðið með stuttum fyrirvara, þær verða tilkynntar til foreldra ef og þegar þær verða. **ATH:** Mötuneyti verður lokað, *athuga með nesti* og meginkennsla verður frá 08 – 12:00+
- **Tónlistarskóli:** Engin kennsla verður í tónlistarskóla þessa vikuna 16.-20. mars.
- **Skólalagheimili:** Skólalagheimil verður opið, en verður með breyttu sniði í fyrstu.
- **Félags- og skólaþjónusta:** Verður skert næstur fjórar vikurnar, takmarkaðar heimsóknir.
- **Íþróttamiðstöðin á Blönduósi:** Verður með hefðbundna opnun en með takmörkunum.
- **Skjólíð:** Verður lokað, til að byrja með a.m.k.
- **Félagsstarf aldraðra:** Verður fellt niður á meðan samkomubann er í gildi.
- **Bóka- og Skjalasafn A-Hún:** Verður opið
- **Hnitbjörg:** Takmarkaðar heimsóknir.
- **Bæjarskrifstofa:** Verður opin en með einhverjum takmörkunum á heimsóknum.
- **Þjónustumiðstöð:** Verður opin, með takmörkun á heimsóknum.
- **Sorphirða:** Verður með hefðbundnu sniði.
- **Íþrótt- og tómstundastarf:** Frekari upplýsingar síðar

Íbúar eru hvattir til að fylgjast vel með heimasíðu Blönduósbæjar, Blönduskóla og Barnabæjar þar sem upplýsingum um breytingar verður komið inn. Sjá meðfylgjandi:

Blönduósbær	https://www.blonduos.is/
Blönduskóli	https://www.blonduskoli.is/
Barnabær	http://www.barnabaer.leikskolinn.is/
Félags og skólaþjónusta A-Hún	http://www.felahun.is/
Íþróttamiðstöðin	http://imb.is/

Valdimar O Hermannsson, Sveitarstjóri